


sært fætur hrossa. Furðusagnir eru einnig tengdar Hraunsvatni og var fyrrum hald manna að undirgangu væri úr vatninu til sjávar og þannig hefði fiskur komist í það og því gætti þar flóðs og fjöru. Þar sást líka torrennilegir undirborðsfluga, sem gripu í fætur annarra fugla og héldu þannig fluglalífi í skefjum. Nikur eða vatnahestur átti einnig að vera í vatninu, og var hann talinn valda flóði og fjöru með brótti sínu sérstaklega ef hann stíflaði tímavundið undirgöngin til sjávar.

Vel má ganga umhverfis vatnið, en þá verða á vegi manns bæði Vatnsdalsáin sem fellur í suðurenda vatnsins og Hraunsáin sem fellur norður úr því, en þær eru flestum lítil fyrir staða. Ef menn vilja ekki fara sömu leið til baka að Hálsi má ganga niður með Hraunsánni, en hún rennur í fallegum sveigum úr vatninu, en hverfur oftast í hraunið nokkru neðar, og síðan má rölta um ævintýraheim Hraunsstapanna, niður að Hálsi. Vilji menn koma annars staðar til byggða má ganga að Hrauni, ótrúlega fallega gönguleið. Er þá skemmtilegast að vaða yfir Hraunsána upp við vatnið og fylgja fjöruborðinu upp að Drangafjalli, og er þá komið í lægð sem liggur norður með fjallinu og nefnist Drangabollar. Lægðinni fylgja menn til norðurs uns hún beygir niður að Hrauni og gæti ferðin tekið 3-4 tíma í ævintýralegu umhverfi með tígullegt Drangafjall og Hraundranga yfirgnæfandi. Þetta er auðveld leið og fær með öllu frísku fólki og gangandi börnum sem komast yfir ána. Einnig má fara þessa leið með hesta.

## Auðnaháls yfir í Hörgárdal

Auðnaháls (547 m) er eina göngu-  
leiðin í þessum þætti sem var hefð-  
bundin samgönguleið fyrirrum. Hún  
er hestafar, en sýna þarf varúð  
Hörgárdalsmegin til að komast niður  
klettabelti þar. Auðveldast er að fara  
frá bænum Auðnum, sem er utar en  
Hraun, en einnig má fara frá Hrauni.



Beinast liggur við að stefna á Auðnahálsinn þar sem hann er lægstur (það gera hestamenn) og er þá farið utan við stakstætt fell, Einbúa, og

rétt utan við endann á Drangafjallinu, sem nefnist Hallok. En vilji menn fara fegurri en erfiðari leið er gengið upp lægðina ofan við Hraun

og síðan upp bratta melbrekku og ofan við Einbúa og norður á hálsinn fyrir utan Hallokið. Yfir Hörgá komast menn á brú hjá bænum Búðarnesi. Þessi ferð gæti tekið 4-5 tíma.

Nú verða nefndar meiri gönguleiðir um fjöll og skörð í nágrenninu, sem flestar eru dagsferðir.

## Drangafjall

Hægt er að fara geysifagra útsýnisferð á Drangafjall (1.123 m), en á það er gengið norður úr Sandस्कál sem er við vestanvert Hraunsvatn. Nokkuð bratt er upp úr skálinni, en fjallið er flatt að ofan. Sé gengið norður eftir fjallinu, er fljótlega komið að mjóum og gjörsamlegu óferum kletthrygg, þar sem Hraundrangi (1.075 m) ríkir miðsvæðis. Hraundrangi er ekki viðfangsefni venjulegra göngumanna heldur vel búinna og þjálfaðra klifurmannna. Hann var fyrst sigraður árið 1956 og margoft síðan. Lengra norður verður ekki komist og þarna horfa menn niður á Hraundranga og njóta góðs útsýnis bæði austur yfir Öxnadal og vestur yfir Hörgárdal, vítt og breitt um Tröllaskaga. Fara má sömu leið til baka.

## Kiðlingsdalur yfir í Hörgárdal

Vestur úr Vatnsdal gengur lítil dalskora, Kiðlingsdalur, og greinir Kiðlingshnjúkur hana frá Vatnsdalnum, en framhald Drangafjallsins til suðurs nefnist Háafjall og greinir Kiðlingsdal og Vatnsdal frá Hörgárdal og aðföllum hans. Parna má fara yfir í Grjótárdal sem er hliðardalur Hörgárdals. Er þá farið inn með Hraunsvatni vestanverðu og upp úr Kiðlingsdalsbotni (1.060 m) yfir í Grjótárdal og út Hörgárdal. Yfir Hörgá komast menn á brú hjá bænum Staðarbakka í Hörgárdal, sem er undir Hraundranga vestanverðum.

## Þverbrekkuhjúkur

Flestir sem aka um Öxnadal gætu hugsað sér að standa á tindi þessa .

tígullega fjalls. Fari menn inn með Hraunsvatni að austanverðu, má ganga inn undir dalbotninn og sveigja austur í Bessahláðaskarð (1.000 m) og þaðan út á Pverbrekkuhnjúk (1.200 m). Þar er gestabók þar sem hægt er að skjalfesta afrekið, en af hnjúkum er fögur sýn út Öxnadalinn og yfir dali og fjöll umhverfis. Fara má til byggða niður Bessahláðaskarð í Öxnadal. Þegar komið er í Öxnadal má annaðhvort stefna á brú hringvegarins yfir Öxnadalána, sem er nokkur framar í dalnum, eða stefna út fjallshlíðina undir Pverbrekkuhnjúki, allanga leið að brúnni hjá Hálsi, þar sem farartækin bíða líklega.

## Varmavatnshóla fjall og nágrenni

Pegar komið er inn í Vatnsdalsbotn má klöngrast upp botnjökulinn (1.160 m) og yfir í svonefnd Grjótárdalsdrög, en þar liggur Gilsgil niður á Öxnadal við eyðibýlið Gil, sem er skammt utan við Bakkasel. Pegar gengið er niður Gilsgilið er rétt að virða fyrir sér fallega fossa í giliinu. Rétt er þó, þegar komið er upp botnjökulinn úr Vatnsdalnum, að ganga út á Varmavatnshólafljall (1.230 m) en þaðan er fagurt að líta þó Þverbrekkuhnjúkur byrgi nokkuð norðursýn. Hafi menn hins vegar næga krafta og tíma í Grjótárdalsdrögum má, í stað þess að fara niður Gilsgilið, ganga suður svonefndan Grjótárdal og er þá komið niður á Öxnadalshéiði í námunda við slysavarnaskýlið Sesseljubúð, sem margir kannast við af hringveginum.

Flestum þessara leið er lýst í Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Verið velkomin á bernskuslóðir Jónasar Hallgrímssonar.

**Höfundur er formaður Ferðafélagsins Hörgs og starfar sem náttúrufræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Möðruvöllum í Hörgárdal.**

# Vökum af list í Galleríi Fold

# Verið velkomin að sjá, spjalla og njóta

- ✓ Listamenn sýna vinnubrögð í galleríinu, svo sem olíu- og vatnslitamálun og leirkeragerð.
- ✓ Þrykkt á fyrstu grafíkpressu sem kom til Íslands.
- ✓ Listamenn teikna portretmyndir af yngstu gestunum - í boði Gallerís Foldar.
- ✓ Teiknisamkeppni fyrir börn, 12 ára og yngri - verðlaun veitt fyrir bestu teikningar í hverjum aldursflokki.
- ✓ Eins og ávallt - mörg hundruð myndverk til sýnis og sölu eftir um 200 listamenn.
- ✓ Heitir drykkir og sætar kökur fyrir börn og fullorðna.
- ✓ Opið frá klukkan 17.00 til 1.00



Katrín H.  
Ágústsdóttir  
Vatnslitur 17-20



Ji Shen  
Teiknar börnin  
17-20



Hrafnhildur  
Bernharðsdóttir  
Olíumálun 19-22



Hjördís  
Guðmundsdóttir  
Leirker 20-23



Gréta Berg  
Teiknar börnin  
20-23



**Páll Heimir  
Pálsson  
Þrykk 21-24**



Ólöf Kjaran  
Vatnslitur 21-24



Gunnella  
Ólfumálun 22-01

**Sem stendur höfum við til sölu verk eftir neðangreinda listamenn:**

Ásgrím Jónsson - Ágúst Petersen - Ásgerði Búadóttir - Alfreð Flóka - Anne Tine Foberg - Axel Einarsson - Ásdís Guðjónsdóttir - Ásgeir Smára Einarsson - Atla Má - Arnar Herbertsson - Ásdís Sigurbórsdóttir - Brynhildi Ósk Gísladóttir - Braga Ásgeirsson - Braga Hannesson - Birnu Matthíasdóttir - Björn Þórðarson - Björgu Þorsteinsdóttir - Barböru Árnason - Baltasar - Benedikt Gunnarsson - Blöku (Guðrúnu Jónsdóttir) - Dröfn Friðfinnsdóttir - Daða Guðbjörnsson - Dominique Ambrose - Eirík Smith - Eyjólf J. Eyfells - Einar G. Baldvinsson - Eirík K. Jónsson - Eggert Guðmundsson - Einar Hákonarson - Eyborgu Guðmundsdóttir - Erró (Guðmund Guðmundsson) - Eggert M. Laxdal - Edlu Jónsdóttir - Elínu Magnúsdóttir - Erling Jón Valgarðsson - Einar M. Guðvarðarson - Ernu Guðmarsdóttir - Elínu G. Jóhannsdóttir - Eyjólf Einarsson - Finn Jónsson - Gísla Jónsson - Guðrúnu Sigurðardóttir - Garðar Pétursson - Guðrúnu Benediktsdóttir - Guðmund Björgvinsson - Guðmund Einarsson (frá Miðdal) - Gunnlaug Blöndal - Gerhard Henning - Gunnlaug Scheving - Gunnar R. Bjarnason - Gunnlaug Stefán Gíslason - Guðbjörgu Lind Jónsdóttir - Gunnar Hjaltason - Gunnellu (Guðrúnu Elínu Ólafsdóttir) - Guðmund Þorsteinsson - Gunnar Örn Gunnarsson - Gunnar Karlsson - Guðmund R. Lúðvíksson - Dósl (Hjördis Bergsdóttir) - Hjalta Einar Sigurbjörnsson - Heklu Björk Guðmundsdóttir - Hrafnhildi Bernharðsdóttir - Hring Jóhannesson - Halldró Pétursson - Helga Þorgils Friðjónsson - Harald Bilson - Hafliða Hallgrímsson - Hafdís Ólafsdóttir - Hans Christensen - Hauk Dór - Hörpu Björnsdóttir - Ingu Elínu Kristjánsdóttir - Ingu Hlöðversdóttir - Irene Jensen - Ingibjörgu Hauksdóttir - Ingibjörgu Styrgerði Haraldsdóttir - Ingunní Eydal - Ingiberg Magnússon - Jóhannes S. Kjarral - Jón Stefánsson - Jón Thor Gíslason - Jón Hróbjartsson - Jóhannes Jóhannesson - Jóhann Briem - Jóhann Eyfells - John Lennon - Jón Þorleifsson - Jón Baldvinsson - Jónas Guðmundsson - Jón E. Guðmundsson - Jón Engilberts - Jónínu Láru Einarisdóttir - Jónas Braga Jónasson - Jónas Viðar Sveinsson - Jóhannes Geir Jónsson - Jón Reykdal - Karl Kvaran - Kristján Magnússon - Kristján Davíðsson - Kristínu Hauksdóttir - Kristínu Jónsdóttir - Kára Eiríksson - Kristínu Arngrímsdóttir - Karólínu Lárusdóttir - Kristberg Pétursson - Klaus Kertzer - Kristínu Guðjónsdóttir - Katrínu H. Ágústsdóttir - Ki Ko Korriro (Þórð Valdimarsson) - Kristján Guðmundsson - Katrínu Pálsdóttir - Kjartan Guðjónsson - Leif Breiðfjörð - Lindu Richardson - Línu Rut Wilberg - Lýð Sigurðsson - Lu Hong - Lísu K. Guðjónsdóttir - Magnús Þorgrímsson - Marlyn Herdís Melik - Megas - Magnús Á. Árnason - Magdalenu Margrėti Kjartansdóttir - Magnús Kjartansson - Nínu Sæmundsson - Nikulás Sifjónsson - Nínu Gautadóttir - Ómar Stefánsson - Ólufu Davíðsdóttir - Ólufu Kjaran - Ólufu Einarisdóttir - Ólaf Tíðals - Pétur Gaut Svavarsson - Pétur Friðrik Sigurðsson - Pál Guðmundsson frá Húsafelli - Píu Rakel Sverrisdóttir - Pétur Behrens - Rósu Gísladóttir - Ragnar Pál - Ragnheiði Jónsdóttir - Richard Valtingoer - Rósu S. Jónsdóttir - Sverri Haraldsson - Sossu (Margrėti Soffíu Björnsdóttir) - Sigrúnu Sveinsdóttir - Simonas Skrabulis - Sigríði Gísladóttir - Svein Þórarinnsson - Svein Björnsson - Sigurð Sigurðsson - Sveinbjörn Blöndal - Snorra Svein Friðríksson - Stórvall (Stefán Jónsson frá Möðrudal) - Svavar Guðnason - Steinunni Marteinsdóttir - Sigurð Þóri - Sigurð Örylgsson - Snorra Arinbjarnar - Sigurð Eyþórsson - Susanne Christensen - Sigurbjörn Jónsson - Sigurjón Jóhannsson - Sigríði Helgu Hauksdóttir - Sigríði Gyðu Sigurðardóttir - Sólveig Baldursdóttir - Sigríði Önnu E. Nikulásdóttir - Sigrúnu Einarisdóttir (Bergvík) - Sören Larsen (Bergvík) - Sigríði Oddnýju Stefánsdóttir - Soffíu Sæmundsdóttir - Ji Shen - Söru Vilbergsdóttir - Sigrúnu Eldjárn - Sigurð Hauk Lúðvígsson - Sigríði Ágústsdóttir - Tryggva Ólafsson - Tolla (Þorlák Kristinnsson) - Vapen (Valdimar Bjarnfreðsson) - Vögnu Sólveigu Vagnsdóttir - Valgarð Gunnarsson - Vilhjálm Bergsson - Veturliða Gunnarsson - Valtý Pétursson - Valgerði Guðlaugsdóttir - Weissauer - Þorstein Helgason - Zhang Hong - Þorfinn Sigurgeirsson - Þorbjörgu Höskuldsdóttir - Þórð Hall - Þorgerði Sigurðardóttir - Örylg Sigurðsson - Örn Þorsteinsson

**Sem sagt - eitthvað fyrir flesta!**



## ART GALLERY

**RAUÐARÁRSTÍG 14**

**SÍMI 551 0400**

**OPIÐ TIL KL. 01.00**

## Í NÓTT